



23. stjórnarfundur LH

4. febrúar 2018 kl. 16:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. Stefán G. Ármannsson og Sóley Margeirsdóttir úr varastjórn

Fjarverandi: Helga Björg Helgadóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, Eyþór Gíslason, úr aðalstjórn. Magnús Benediktsson, Sigurjón Rúnar Bragason og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

1. Formaður setur fund og skipar fundarstjóra

SM tók við fundarstjórn.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð 22.fundar samþykkt.

3. Verkefnalistinn – Trello

Farið var yfir verkefnalistann Trello.

Stjórn samþykkti að skrifstofa láti uppfæra viðhafnarfána LH með nýju merki LH.

4. Umsókn um að fá að keppa fyrir Ísland á aðjóðlegum mótum í hestaíþróttum í Belgíu

Skrifstofu falið að svara fyrirspurninni með bréfi og tilkynna að eftir ítarlega skoðun telji LH sig ekki í stakk búna til að veita viðkomandi þann stuðning sem hann þarf að svo stöddu. Þar sem ekki er keppt í keppnisgreininni hér á landi og reglur LH ná ekki yfir keppnisgreinina. Auk þess sé ekki til fagleg þekking innan LH til að meta hæfi einstakra knapa og hesta í greininni. Allir sem keppi fyrir Íslands hönd eru ábyrgð þess landssambands sem viðkomandi keppir fyrir. Það á meðal annars um lyfjamál, ýmsan kostnað sem er óljós, búninga og aðrar skyldur sem LH þarf að uppfylla fyrir sinn keppanda.

5. Landsþing LH 2018

Staðfest er að Landsþing LH 2018 verði haldið 12.-14. október 2018 og Léttir á Akureyri er gestgjafinn.

6. Starfsreglur valnefndar

Ákveðið var að LÁH, SM og ÓÞ komi með tillögur um starfsreglur valnefndar.

7. Hestaleiga á Skógarhólum

SGÁ og LÁH falið að vinna málið áfram.

8. Fundur vegna verðlaunasafns Sigurbjarnar Bárðarssonar



HBH falið að funda með formanni Fáks um hver aðkoma þeirra gæti verið við að aðstoða Sigurbjörn við að koma verðlaunasafni hans varanlega fyrir sem safni sem almenningur hefur aðgang að. Hugmyndin er að Fákur sem Sigurbjörn hefur verið félagsmaður alla tíð, LH, ÍSÍ og Reykjavíkurborg fundi um leiðir í þessu.

9. Kostnaður LH fyrir stjórnarmenn (akstur og gisting)

Umræða var um kostnað stjórnarmanna vegna aksturs og gistingu. Það eru 60kr á km á stjórnarmenn og varastjórn. Gisting er ekki greidd nema að höfðu samráði við stjórn fyrirfram.

10. Samningar LH

Umræður um verklagsreglur um kynningar á samningum sem gerðir eru af nefndum fyrir stjórn.

11. Til kynningar og bókunar

1. Samningur við liðsstjóra afrekshóps LH undirritaður

Skrifað undir samning við Arnar Bjarka Sigurðarson 17.janúar um að stýra afrekshópi LH starfsárið 2018.

2. „Sýnum Karakter“ fyrirlestur á vegum LH og Meistaradeildar æskunnar

Haldin var fyrirlestur í samstarfi LH og Meistaradeild æskunnar. Fyrirlesari var Dr. Viðar Halldórsson sem kynnti verkefnið „Sýnum Karakter“ sem er átaksverkefni um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfar og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Markhópur verkefnisins er fyrst og fremst þjálfarar barna og ungmenna í íþróttum en mikilvægt að foreldrar, stjórnarfolk og aðrir er koma að þjálfun barna og ungmenna kynni sér innihald og áherslur. Fyrirlestrinum var streymt á facebook síðu LH og er hann nú aðgengilegur á <https://www.youtube.com/watch?v=-YpIAgAW4mA&feature=youtu.be> Ætlunin er að unnið verði með áhersluflokkana úr verkefninu, áhugi, markmiðasetning, félagsfærni, sjálfsagi, leiðtogar og einbeiting í afrekshóp LH.

3. WorldFengur myndefni í Landanum

Gísli Einarsson í Landanum tók viðtal við LÁH á dögnum þar sem Lárus kynnti myndböndin af Landsmótum í WorldFeng. Óvíst er um sýningartíma en líklegt er að það verði á vordögum.



4. Opinn uppgjörsfundur um LM 2016

Haldinn var opinn fundur á Sauðárkróki 20.janúar um LM 2016. Samhljómur var um að mótið hafi tekist vel og að samkvæmt mati gesta var almenn ánægja með mótið. Góð samvinna og metnaður hestamanna á svæðinu, stjórnar LH og LM, Hólaskóla, samstarfsaðila og Sveitar félagsins Skagafjarðar hafi einkennt mótið og aðdraganda mótsins.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 19:00
Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir*